



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Fagråd eineltismála – lagastoð o.fl. MMR20100078
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Mennta- og menningarmálaráðuneyti Skrifstofa skóla-, íþróttá- og æskulýðsmála og skrifstofa framhaldsskóla og -fræðslu
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	19. janúar 2021

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Fagråd eineltismála í grunn- og framhaldsskólum starfar hjá Menntamálastofnun og hefur það hlutverk að veita skólasamfélaginu stuðning vegna eineltismála með almennri ráðgjöf, leiðbeiningum og upplýsingagjöf. Þá er hægt að vísa eineltismálum til fagráðsins ef ekki tekst að finna fullnægjandi lausn á eineltismálum innan skóla eða sveitarfélags eða vegna meints aðgerðaleysis sömu aðila. Skal þá fagráðið veita ráðgefandi álit á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga sem því berast.

Fagráði eineltismála fyrir bæði skólastigin var komið á fót með sambærilegum hætti, þ.e. með reglugerðarheimild með stoð í grunn- og framhaldsskólalögum þar sem mælt er fyrir um að ráðherra skuli kveða á um fagråd á vegum ráðuneytisins sem er ráðgefandi í eineltismálum. Í báðum tilvikum hafa reglugerðir verið settar þar sem kveðið er á um að foreldrar eða skólar geta óskað eftir aðstoð fagráðs sem starfar á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis ef ekki tekst að finna viðunandi lausn innan skóla eða sveitarfélags, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og aðkomu sérfræðiþjónustu. Ráðuneytið gefur út verklagsreglur um vísun mála til fagráðsins, málsmeðferð og eftirfylgni að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Verklagsreglur hafa verið settar.

Umsýsla með fagráðinu er hjá Menntamálastofnun. Hlutverk fagráðs er samkvæmt verklagsreglum, að veita skólasamfélaginu stuðning vegna eineltismála með almennri ráðgjöf, leiðbeiningum og upplýsingagjöf. Hægt er að vísa eineltismálum til fagráðsins ef ekki tekst að finna fullnægjandi lausn innan skóla eða sveitarfélags. Í þeim tilvikum þá ber fagráðinu að veita ráðgefandi álit á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga sem því berast. Nemendur, foreldrar og forráðamenn og starfsfólk í grunn- og framhaldsskólum geta vísað málum til fagráðs og einnig aðilar sem starfa með börnum í skóla-, frístunda- eða tólmundastarfi, sem hefur stoð í grunnskólalögum.

Hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti er að hefjast vinna sem snýr að því að styrkja lagalega umgjörð fagráðs eineltismála á grunn- og framhaldsskólastigi svo hún verði í samræmi við þá framkvæmd sem viðhöfð er núna hjá ráðinu.

Þess ber að geta að mál sem fagråd eineltismála fæst við eru oft og tíðum þung og erfið einstaklingsmál og þeim fylgja oft viðkvæm gögn. Frumvarpsvinnan mun taka mið af því að um er að ræða vinnslu mjög viðkvæmra persónuupplýsinga, m.a. í skilningi laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti er umhugað um að fagráðið geti starfað á sem árangursríkastan hátt með farsæld barna og ungmenna að leiðarljósi í öllu skólustarfi og íþróttá- og æskulýðsstarfi.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Markmiðið er að lagaleg umgjörð eineltismála á grunn- og framhaldsskólastigi verði þannig að aðkoma fagráðsins að eineltismálum og heimildir varðandi úrlausn mála verði skýrari. Þannig verði áfram hægt að vinna með afgerandi hætti gegn einelti í grunn- og framhaldsskólum.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Fagráði eineltismála er komið á fót með reglugerð með stoð í grunn- og framhaldsskólalögum og um það hafa verið settar verklagsreglur. Með þeim breytingum sem eru boðaðar eru er leitast við að setja fullnægjandi stoð í lög á málefnasviði mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti vill einfalda stjórnáætlunina með hag barna og ungmenna að leiðarljósi.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Stjórnvöld skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að börn fái notið réttinda sinna, þar á meðal að upplifa sig örugg og fá að njóta bernsku sinnar. Í sáttmála ríkisstjórnarinnar segir að Ísland eigi að vera barnvænt samfélag og að framfylgja ákvæðum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem hefur verið lögfestur hér á landi. Að mati mennta- og menningarmálaráðuneytis er frumvarp þetta liður í því.

Framhaldsskólar falla undir málefnasvið 20 í fjármálaáætlun. Málaflokkurinn styður við velsældaráherslu ríkisstjórnarinnar um virkni í námi og starfi þar sem lögð er áhersla á þýðingu menntunar fyrir samkeppnishæfni þjóða og lífsgæði einstaklinga.

Grunnskólar falla undir málefnasvið 22 í fjármálaáætlun. Meginmarkmið á leik- og grunnskólastigi og með framhaldsfræðslu er að einstaklingar hafi jöfn tækifæri til fjölbreytts náms og starfa.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Styrkja grundvöll fagráðsins. Mennta- og menningarmálaráðuneyti er umhugað um að fagráðið geti starfað á sem árangursríkastan hátt með farsæld barna og ungmenna að leiðarljósi á öllum málefnasviðum mennta- og menningarmálaráðuneytis sem taka til skipulegs starfs með börnum og ungmönnum.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Heimildir um fagráðið væru óbreyttar.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

Að mati mennta- og menningarmálaráðuneytis er lagasetning nauðsynleg til að ná því markmiði sem stefnt er að enda eru lagaákvæðin eins og þau eru ófullnægjandi.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

Mennta- og menningarmálaráðuneyti álitur eðlilegast að breyta núgildandi ákvæðum grunn- og framhaldsskólalaga til að ná fram markmiðinu.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni

Fyrirhugað er að gera breytingar á ákvæðum gildandi laga með það að markmiði að styrkja lagalega umgjörð fagráðs eineltismála. Vísað er til kafla A1 um rökstuðning fyrir því.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott

6. mgr. 33. gr. b laga um framhaldsskóla og 4. mgr. 30. gr. laga um grunnskóla verða gerðar skýrari en nú er með hliðsjón af þeim kröfum sem eru til staðar, meðal annars vegna persónuverndarsjónarmiða.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar
<p>1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Nei</p> <p>2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei</p> <p>3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Nei</p>
F. Samráð
<p>1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Framhaldsskólar, grunnskólar, sveitarfélög, skólastjórnendur, kennarar, nemendur og foreldrar og starfsfólk í skóla-, frístunda- og tómstundastarfi á grundvelli laga um grunnskóla.</p> <p>2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Nei</p> <p>3. Samráð sem þegar hefur farið fram Ekkert</p> <p>4. Fyrirhugað samráð Áform um lagasetningu eru nú til umsagnar. Frumvarp fer í samráðsgátt þar sem það verður opið almenningi til umsagnar. Haft verður samráð við starfandi fagråd til að sú reynsla og þekking sem til er nýtist sem best.</p>
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
<p>1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal Ekki gert ráð fyrir að auknum ríkisútgjöldum nema hugsanlega ef breytingar kalli á eitt stöðugildi.</p>
H. Næstu skref, innleiðing
<p>1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina? Nei</p> <p>2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almenningur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Ekki er gert ráð fyrir löngum tíma til innleiðingar.</p> <p>3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Engar.</p> <p>4. Mælikvarðar á árangur og útkomu Mál sem fagráði tekst að leysa með árangursríkum hætti</p> <p>5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur? Nei.</p>
I. Annað
J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað
2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum